

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 15.11.2019
Tilvísun: 20191100327

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu) – 245. mál, þskj. 266

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. október sl. móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál. Embættið telur tilefni til svofelldra athugasemda um efni þess:

Frumvarp þetta er afrakstur umfangsmikillrar vinnu sem staðið hefur yfir frá sumarmánuðum 2018 af hálfu nefndar sem til þess var skipuð af fjármála- og efnahagsráðherra. Í nefndinni sátu fulltrúar þeirra ríkisaðila sem málið varðar með beinum hætti, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, ríkisskattstjóra og tollstjóra. Kjarni þess verkefnis sem fyrirhugaðar lagabreytingar endurspeglar miðar að því að auka skilvirkni í skattframkvæmd, þ.e.a.s. álagningu, eftirliti og innheimtu opinberra gjalda í víðustu merkingu.

Í daglegum verkum hjá embættum ríkisskattstjóra og tollstjóra er augljóst að umhverfi stofnananna, viðfangsefni og áskoranir taka sífellt hraðari breytingum. Stöðugt meiri kröfur eru gerðar um sveigjanleika, nýsköpun og vinnulag sem hlýtur að taka mið af stafvæðingu og breyttum viðskiptaháttum, bæði innanlands og yfir landamæri. Á það hvort tveggja við þá margbreytilegu þjónustu sem framangreindar stofnanir veita viðskiptavinum sínum til að stuðla að réttri álagningu og innheimtu skatta, gjalda og tolla, sem og það fjölbætta eftirlit sem embættin sinna sömuleiðis í því skyni að verja tekjustofna ríkisins. Við ríkisskattstjóra og tollstjóra, rétt eins og öðrum ríkisstofnunum, blasa fordæmalausar áskoranir vegna breyttrar tækni sem hefur áhrif á íslenskt þjóðfélag líkt og heiminn allan.

Ríkisskattstjóri telur í ljósi framanritaðs að sameining embætta ríkisskattstjóra og tollstjóra sé til þess fallin að styrkja þær grunnstoðir í rekstri og stjórnsýslu skattkerfisins sem byggja megi á slíka stofnun er þörf verður fyrir á komandi árum, með enn betri yfirsýn yfir tekjuöflun ríkisins og markvissari þjónustu við viðskiptavini. Samnýting upplýsinga og enn heildstæðari nálgun gagnvart nýjum og krefjandi álitamálum muni styrkja framkvæmd, og samþætting skyldra verkefna jafnframt leiða til rekstrarhagkvæmni og rekstraröryggis. Enn frekari tækifæri verði fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra og tollstjóra til að njóta starfsþróunar, og sameinuð stofnun muni hafa ríkari úrræði til þess að styrkja mannauð sinn til að öðlast breytta færni og takast á við þær breytingar á vinnuumhverfinu í heild sem óhjákvæmilega hljóta að leiða af stafrænum umskiptum.



Snorri Olsen

Virðingarfyllst,



Ingvar J. Rögnvaldsson

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. nóvember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu), 245. mál.

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 25. október 2019 þar sem óskað var umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál.

SA skiluðu umsögn um málið inni á samráðsgátt stjórnvalda og árétta nú þá afstöðu sem þar kom fram. SA fagna áformum um sameiningu verkefna á sviði tollafgreiðslu og tollgæslu, sem embætti tollstjóra annast nú, og þeirra verkefna sem embætti ríkisskattstjóra sinnir. Embættin vinna að skyldum verkefnum og sameining þeirra mun hafa í för með sér víðtæk samlegðaráhrif og hagræði, með betri nýtingu upplýsingakerfa og bættri þjónustu við notendur. Jafnframt aukast möguleikar á markvissari samnýtingu upplýsinga.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að Ísland búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta tækifæri sem felast í örum tæknibreytingum. Almennigur og atvinnulíf gera auknar kröfur um sjálfsafgreiðslu og stafræna þjónustu og með framförum í upplýsingatækni hefur hugmyndum og aðferðum við veitingu opinberrar þjónustu verið umbylt. Stærra embætti býður upp á frekari möguleika í þá veru. Með aukinni samþættingu verkefna, sem leiðir til meiri skilvirkni, minni kostnaðar og bættrar þjónustu fyrir almenning og fyrirtæki felast mikil tækifæri til að styrkja þjónustu og stjórnsýslu RSK og tollstjóra, m.a. með aukinni sjálfvirknivæðingu og rafrænum lausnum. Stærri eining er auk þess betur í stakk búin til að tryggja rekstraröryggi og öryggi í aðgangi og meðferð upplýsinga.

Tæknibreytingar gera nýjar kröfur um menntun og hæfni starfsfólks og að í öllum geirum sé hvatt til nýsköpunar. Það á jafnframt við hjá hinu opinbera. Með stærra embætti og breiðara verkefnasviði aukast möguleikar í þessa veru og frekari tækifæri til starfsþróunar verða til. Með stafrænni þróun opnast tækifæri til að stunda fjarvinnu sem er kostur fyrir störf á landsbyggðinni. Að sama skapi má sjá fyrir sér sveigjanlegri vinnutíma.

Mikil tækifæri felast í því að heildarferli þjónustu, álagningar, innheimtu og eftirlits sé á hendi eins og sama aðilans. Öll þjónusta verður á einum stað, almenningi, starfsmönnum, ríkisaðilum og samfélaginu til hagsbóta. Einstaklingar og lögaðilar munu eiga við færri opinbera aðila og kerfið færir nær því að vera hannað miðað við

þarfir notenda þess. Með sameiningunni verður til öflugri stofnun sem er betur til þess fallin að takast á við áskoranir framtíðar.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir.

Heiðrún Björk Gísladóttir

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
fir@fir.is

Reykjavík, 18. nóvember 2019

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum.

Með tölvupósti, dags. 25. október sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu). SAF – Samtök ferðaþjónustunnar og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (hér eftir sameiginlega nefnd *samtökin*) hafa yfirfarið frumvarpið í sameiningu.

Í stuttu máli eru samtökin jákvæð í garð frumvarpsins og sammála framlagningarmanni um að líklegt sé að sameining verkefna embætta tollstjóra og ríkisskattstjóra sé til þess fallin að stuðla að samlegð, einföldun og skilvirkni. Þar að auki telja samtökin slíka sameiningu skynsamlega í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið og eru á verða vegna tæknibreytinga. Samtökin hafa hvatt stjórnvöld til að takast á við innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu með metnað og framsýni í forgrunni.

Að þessu sögðu telja samtökin tilefni til að minna á nokkur atriði sem sum hver hafa rekið á fjörur samtakanna og eflaust er tilefni að verði höfð í huga í tengslum við sameiningarvinnuna.

Ahersla á þjónustuhlutverk: Þess má vænta að megináherslur sameinaðrar stjórnsýslustofnunar skattamála verði að nokkru leyti óbreyttar, þ.e. ríkisskattstjóra verði ætlað að tryggja tekjuöflun í ríkissjóð með skilvirkni að leiðarljósi ásamt því að vinna að öruggri för manna og vara inn og út af íslensku yfirráðasvæði. Slík verkefni eru enda meðal kjarnaverkefna stjórnvalda í blönduðu hagkerfi. Markmiðinu um skilvirka stjórnsýslu fylgja svo ýmsar kröfur sem einkum snúa að einfaldleika og gagnsæi en einnig að möguleikum manna og fyrirtækja til að fá ákvarðanir endurskoðaðar. Hins vegar telja samtökin æskilegt að hnykkt verði á því viðhorfi í starfsemi ríkisskattstjóra að embættinu sé ætlað þjónustuhlutverk gagnvart borgurunum. Markmiðið um skilvirkni ætti því ekki einungis að horfa inn á við í starfseminni heldur einnig út á við enda skilar skilvirk stjórnsýsla, sem grundvallast á góðu þjónustustigi, samfélaginu ábata. Mætti í þessum efnum t.d. líta til sjónarmiða sem legið hafa til grundvallar alþjóðlegum samningum sem íslensk stjórnvöld hafa gerst aðilar að á sviði viðskiptalíprunar (e. trade facilitation). Þjóðhagslegt mikilvægi snurðulausrar þátttöku innlendra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum verður seint áréttað nóg samlega.

Tollakerfið er komið til ára sinna. Samkvæmt upplýsingum samtakanna hefur hins vegar verið unnið að úrbótum á því undanfarin ár. Endurbættur munu skapa ýmis tækifæri og því er afar mikilvægt að þær takist vel og verði sem fyrst innleiddar að fullu.

Álagningarkerfi virðisaukaskatts: Nokkuð er um að aðildarfyrirtæki samtakanna veki athygli á að álagningarkerfið VSK-2000 uppfylli lítt nútímakröfur. Í ljósi mikilvægis virðisaukaskatts sem tekjustofns ríkisins og þróunar í viðskipta- og verslunarháttum á alþjóðavísu telja samtökin orðið afar brýnt að endurnýja kerfið.

Samstarfsvettvangur eftirlitsstjórnvalda: Á vegum samtakanna hefur komið til umræðu hvort nóg hafi verið gert til þess að tryggja að ýmis eftirlitsstjórnvöld geti unnið saman, deilt sýn sinni á eftirlit, eftirlitsviðfangsefni og eftirlitsaðferðir og unnið sameiginlega að áhættustjórnun með hliðsjón af hagsmunum samfélagsins, skattgreiðenda og fyrirtækja. Í mörgum tilvikum er ljóst að eftirlitssvið skarast beint og óbeint og með skilvirkni að leiðarljósi ættu stjórnvöld að stuðla að því að eftirlitsaðilar hafi raunhæfa möguleika á að undirbúa og forgangsraða verkefnum á grundvelli heildarsýnar. Sem dæmi um vel heppnuð samstarfsverkefni mætti benda á samstarf í tengslum við hvatningarátakið *Allir vinna* og samstarf tollstjóra, vinnumálastofnunar og lögreglu við skipulagningu eftirlits með ferðamönnum og ferðaþjónustu sem samtökin hafa haft spurnir af. Má í þessu samhengi benda á að í skýrslu starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um milliverðlagningu og faktúrufölsun frá júní 2017 er að finna tillögu um eflingu samstarfs milli stofnana skatta- og tollamála. Þá inniheldur skýrsla SAF *Tillögur til skilvirkara eftirlits með erlendri og ólöglegri starfsemi í ferðaþjónustu*, frá 5. mars 2019, ýmsar tillögur um samráð og formbundið samstarf eftirlitsaðila. Tæða skýrslu má finna á vefslóðinni: <https://www.saf.is/tillogur-saf-ad-skilvirkara-efirliti-med-erlendri-og-ologlegri-starfsemi/>.

Eins og áður segir telja samtökin að tækifæri felast í sameiningu verkefna embætta tollstjóra og ríkisskattstjóra. Mikilvægt er að vandað verði til verka og verkefnum tengdum sameiningunni verði forgangsraðað m.t.t. hagsmuna fyrirtækja, efnahagslífs og samfélagslegra hagsmuna.

Samtökin hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

f.h. SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu



Jóhannes Þór Skúlason



Andrés Magnússon